

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 164/2011

2012/EES/15/41

frá 19. desember 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 690/2009 frá 30. júlí 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 R 0690**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 690/2009 frá 30. júlí 2009 (Stjtið. ESB L 199, 31.7.2009, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 690/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 199, 31.7.2009, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 51, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 58.